

Föstudaginn 26. apríl 1941.

Nr. 3/1941. **Verkamannafélagið Drífandi vegna Ingibergs Hannessonar**

gegn

Bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs.

Varadóvari cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi kjarasamningur milli málsaðilja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 3. marz þ. á., af Verkamannafélaginu Drífandi í Vestmannaeyjum vegna Ingibergs Hannessonar gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs. Hefur stefnandi gert þær kröfur í málinu, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér vegna Ingibergs Hannessonar, kr. 101.92 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. marz s. l. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 85.68 vaxtalaust, og verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði í heild vísað frá dómi, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að 29. okt. f. á. sagði verkamannafélagið Drífandi í Vestmannaeyjum upp þágildandi kauptaxta sínum frá og með 1. janúar 1941 og bauð jafnframt atvinnurekendum þar upp á samkomulagsumleitanir um nýjan taxta. Stefndi virðist ekki hafa sinnt neitt þessu boði stefnanda um samkomulagsumleitanir. Hinn 7. janúar síðastliðinn tilkynnir verkamannafélagið Drífandi stefnda fundarályktun félagsins, þar sem skorað er á bæjarstjórn Vestmannaeyja, að samþykkja kauptaxta félagsins sem bindandi fyrir bæjarstjórnina. Og þann 8. s. m. sendir Drífandi stefnda lágmarkskaupkröfur félagsins, er gilda skuli frá 1. jan. þ. á. Áskilur félagið sér rétt til vinnustöðvunar hjá stefnda, ef hann hafi þá ekki innan 7 daga samþykkt „taxtann“. Jafnframt tekur félagið fram í bréfi þessu, að það sé þess fúst, að ganga til samninga við stefnda. Stefndi sinnli ekki á neinn

hátt þessum skrifum stefnanda og áskorunum og stendur svo enn.

Í Vestmannaeyjum er annað verkamannafélag, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, og telur stefndi sig hafa undirgengizt gagnvart því, að bæjarsjóður skyldi greiða það kaup, sem um semdist milli þess félags og atvinnurekenda í Vestmannaeyjum.

Ingíbergur Hannesson, sem er meðlimur í verkamannafélaginu Drifandi, og sem mál þetta er höfðað út af, vann hjá stefnda dagana 10.—18. janúar s. l., alls 56 klst. Krafðist hann þess að fá þá vinnu greidda samkvæmt lágmarkskauptaxta verkamannafélagsins Drifanda. Fyrirsvarsmaður bæjarsjóðs neitaði að greiða samkvæmt þeim taxta, en bauðst hins vegar til þess að greiða það kaup, er um hafði verið samið við verklýðsfélag Vestmannaeyja, en það er nokkru lægra. Samkomulag náðist ekki um þetta. Höfðaði Drifandi síðan mál þetta og gerir í því framangreindar kröfur.

Verkamannafélagið Drifandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að stofnast hafi vinnusamningur eða ígildi slíks sammings milli sín og stefnda með því innihaldi, sem greinir í lágmarkskauptaxta Drifanda, sem sendur var til fyrirsvarsmanns bæjarins 8. jan. s. l. Telur stefnandi, að þar sem stefndi hafi fengið kauptaxtann í hendur, og síðan tekið meðlimi verkamannafélagsins Drifanda í vinnu, án þess að beina andmælum út af honum til félagsins sjálfs, eða aðvara þá meðlimi Drifanda, er unnu hjá honum um það, að þeim yrði ekki greitt kaup samkvæmt taxta félags þeirra, þá hafi stefndi orðið bundinn við oftnefndan kauptaxta Drifanda. Beri stefnda því að greiða félagsmönnum Drifanda kaup samkvæmt greindum taxta félagsins.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að stofnast hafi nokkur vinnusamningur milli verkamannafélagsins Drifanda og Vestmannaeyjakaupstaðar, hvorki skriflegur né munnlegur. Engar samningaumleitanir hafi farið fram milli þessara aðilja, og fyrirsvarsmenn bæjarins hafi ekki á neinn hátt gefið Drifanda réttmæta ástæðu til þess að líta svo á, að þeir vildu vera bundnir við kauptaxta félagsins, sem reyndar sé kallaður „lágmarkskaupkröfur“ í skjali því er atvinnurekendur fengu frá félaginu, dags. 8. jan. s. l., og hafi stefndi því ekki tekið á sig neinar sammingslegar skuldbindingar

gagnvart Drifanda. Heldur stefndi því fram, að þar sem hér sé þannig ekki um vinnusamning að ræða milli aðilja máls þessa, geti mál þetta ekki heyrt undir úrskurð félagsdóms, samkvæmt því, sem verkefni hans séu upptalin í 1. og 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, og ekki hafi verið um það samið milli aðilja að leggja málið hér fyrir dóm, sbr. 3. lið 44. gr. sömu laga. Hefur hann því svo sem að framan er lýst krafizt þess aðallega, að málinu verði í heild vísað frá dómi. En til vara gerir hann kröfu um sýknu af sömu ástæðum, ef krafa hans um frávisun yrði ekki tekin til greina.

Enda þótt krafa stefnanda í máli þessu hljóði um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, er málssókn þessi, svo sem áður segir, byggð á því, að stofnast hafi vinnusamningur (kjarasamningur) milli verkamannafélagsins Drifanda og bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, og kveður stefnandi það vera höfuðatriði máls þessa að fá úr því skorið, hvort svo sé eða ekki. En úrlausn þess atriðis heyrir undir valdsvið þessa dóms, sbr. 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, og ber því að leggja efnisdóm á málið að því leyti.

Þegar litið er til viðskipta verkamannafélagsins Drifanda og forráðamanna Vestmannaeyjakaupstaðar, sem lýst er hér að framan, verður ekki talið, að næg gögn liggja fyrir hendi til þess, að unnt sé að telja, að stofnast hafi vinnusamningur milli nefndra aðilja skv. 6. gr. laga nr. 80/1938, með því innihaldi, er greinir í lágmarkskaupkröfum Drifanda frá 8. janúar 1941, og getur félagið því ekki hér fyrir dómi byggt rétt á hendur stefnda á þeim kröfum, sem þar eru gerðar.

Ingibergur Hannesson getur þannig ekki byggt upphæð fjárkröfu sinnar á hendur stefnda á vinnusamningi milli félags síns, Drifanda, og Vestmannaeyjakaupstaðar. Hins vegar heyrir það ekki undir verkefni félagsdóms, sbr. 1. og 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, að skera úr um það að öðru leyti, með hvaða kjörum Ingibergur kann að hafa ráðizt í vinnu hjá stefnda, og með því að skilja verður málflutning stefnda sem andmæli gegn því, að beitt verði ákvæðum 3. liðs sömu greinar, verður þeim þegar af þeirri ástæðu ekki komið við hér. Samkvæmt þessu verður því að vísa fjárkröfu Ingibergs á hendur stefnda í máli þessu frá dómi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Fjárkröfu Ingibergs Hannessonar á hendur stefnda, bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, í máli þessu, vísast frá dómi.

Stefnandi, Verkamannafélagið Drifandi vegna Ingibergs Hannessonar, greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. nóvember 1941.

Nr. 5/1941. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda**

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík.

Mál út af uppsögn á kjarasamningi. Uppsögnin talin ógild.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, með stefnu, dags. 31. f. m. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að uppsögn Iðju, dags. 30. sept. s. l., á öllum gildandi kaup- og kjarasamningum milli þess félags og Félags ísl. iðnrekenda frá 1. jan. 1942 að telja, skuli teljast að öllu leyti ógild og samningar milli nefndra félaga því halda fullu gildi eins og umrædd uppsögn hefði aldrei farið fram. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar, að nefnd uppsögn verði gild metin og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 18. gr. núgildandi kjarasamnings milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, er svo kveðið á, að samningurinn skuli vera í gildi „þar til annar hvor aðili segir honum upp fyrir áramót með minnst 3gja